

## Samningur um refaveiðar 2017-2019

Umhverfisstofnun (kt. 701002-2880), Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík hér eftir nefnd verkkaupi, og sveitarfélagið/félögin **Ísafjarðarbæ** (kt: 540596-2639) hér eftir nefndur verktaki, gera með sér svohljóðandi

### Samningur

um endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna refaveiða.

#### 1. gr.

##### Markmið

Markmiðið með samningnum er að hafa yfirsýn og fyrirsjáanleika á þeim aðgerðum sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum.

#### 2. gr.

##### Lýsing og hlutverk verktaka

Samningur þessi tekur til refaveiða sveitarfélaga árin 2017, 2018 og 2019.

Hlutverk verktaka er að:

1. ráða kunnáttumann/menn til veiðanna.
2. taka saman þær upplýsingar frá veiðimanni/veiðimönnum sem getið er í samningi þessum og koma þeim til viðkomandi aðila eftir því sem getið er í samningnum.
3. halda utan um tímaskráningu, aksturdagbækur og fjölda dýra sem veidd eru.
4. senda árlega uppgjör og veiðiskýrslur til Umhverfisstofnunar, ásamt gögnum sem talin eru upp í 7. gr. þessa samnings, fyrir 15. október ár hvert. Á reikningi skal koma fram fjöldi tíma, kílómetra og unninna dýra ásamt upplýsingum um einingarverð hvers þáttar. Reikningur skal samræmast reglum ríkisskattstjóra. Verkkaupi getur lagt til sérstakar reikningsbækur til verktaka.

#### 3. gr.

##### Samningstími/verkáætlun

Verkkaupi hefur gert áætlun um veiðar til þriggja ára og er hún meðfylgjandi samningi þessum. Samningurinn tekur til refaveiða á vegum verktaka á tímabilinu 1. september 2016 til 31. desember 2019, í samræmi við áætlun verktaka sem móttokin var af Umhverfisstofnun 2017. Komi upp atriði sem geta breytt forsendum samnings, svo sem breyting á framlagi ríkisins í fjárlögum, fjöldi sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu eða áætlun sveitarfélags breytist, skal samningurinn endurskoðaður.

#### 4. gr.

##### Samningsfjárhæð og verð

Verkkaupi greiðir hlutfall af kostnaði verktaka miðað við framlagða reikninga. Samningsfjárhæð samningsins er að hámarki a) kr. **300.000,-** fyrir árið 2017 sem greitt verður út til verktaka 15. desember sama ár, enda hafi verktaki skilað inn tilskildum gögnum, sbr. 7. gr. samningsins, fyrir 15. október 2017.

Áætlun fyrir árin 2018 og 2019 er sem hér segir og verður staðfest fyrir 1. júní hvert ár, nema breytingar verði á.

b) að hámarki kr. **300.000** fyrir árið 2018 sem greitt verður út 15. desember sama ár, enda hafi verktaki skilað inn tilskildum gögnum, sbr. 7. gr. samningsins, fyrir 15. október 2018 og  
c) að hámarki kr. **300.000**- fyrir árið 2019 sem greitt verður út 15. desember sama ár, enda hafi verktaki skilað inn tilskildum gögnum, sbr. 7. gr. samningsins, fyrir 15. október 2019.  
Samningsfjárhæð miðar við að framlag ríkisins í fjárlögum sé hið sama á hverju ári þessi þrjú ár. Fjárhæð gæti breyst bætist fleiri sveitarfélög við með samninga við Umhverfisstofnun á samningstíma.

Skili verktaki eða aðilar á svæði verktaka inn upplýsingum um tjón fyrir árið 2017-2019, sem bætir skráningu um tjón af völdum refa, getur Umhverfisstofnun umbunað sérstaklega fyrir það.

#### **5. gr.**

##### **Grenjaskráning**

Verktaki skal senda inn grenjaskrár til Umhverfisstofnunar. Senda skal inn á rafrænu formi upplýsingum um nafn/númer grenis og koma skal fram hvort greni sé í ábúð eða ekki. Ef um nýtt greni er að ræða, skal það vera hnitsett. Upplýsingar um ábúð grenja skal uppfærð árlega. Umhverfisstofnun lítur svo á að um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sé að ræða og farið verði með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál sbr. 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

#### **6. gr.**

##### **Sýni til Náttúrufræðistofnunar Íslands**

Náttúrufræðistofnun Íslands getur kallað eftir sýnum frá verktaka og komist að samkomulagi við verktaka um meðhöndlun og geymslu á samningstímanum.

#### **7. gr.**

##### **Tilskilin gögn sem verktaki skilar**

Fyrir 15. október ár hvert á samningstímabilinu skal verktaki skila inn til verkkaupa eftirfarandi gögnum í gagnagrunn verkkaupa:

1. fjöldi veiddra dýra flokkað í; grendýr, hlaupadýr og yrðlinga
2. heildarkostnað vegna veiðanna
3. grenjaskrá - upplýsingar um ábúð á greni, staðsetning og eða nafn
4. afrit af reikningum með útlögðum kostnaði verktaka á árinu, hengt við sem viðhengi
5. skráning á tjóni frá sveitarfélagi.

#### **9. gr.**

##### **Ágreiningsmál**

Komi upp ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa á samningstíma skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn fulltrúa, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með þessum hætti, skulu aðilar leita til Héraðsdóms Reykjavíkur.

**10. gr.**  
**Gildistaka**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

Endurskoða skal samninginn árlega m.t.t. samningsfjárhæðar fyrir árin 2018 og 2019 og birta sem viðauka við samning þennan.

*Reykjavík, 13. nóvember 2017.*

F.h. Umhverfisstofnunar

F.h. Sveitarfélags

*Kristin Kalmeyersdóttir*

---

Vottar:

*Gunnlaug Eirarsdóttir*

---

---